

# GJALDSKRÁ

## fyrir Vopnafjarðarhöfn.

### Gildissvið – Almenn ákvæði.

#### 1. gr.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir Vopnafjarðarhöfn og er sett skv. heimild í 17. gr. hafnalaga nr. 61/2003.

### Um gjaldtöku tengda stærð skipa.

#### 2. gr.

Við ákvörðun gjalda, sem taka mið af stærð skipa, skal miðað við brúttótonnatölu skipa samkvæmt alþjóðlegu mælingabréfi, sem gefið er út í samræmi við alþjóðasamþykktina um mælingu skipa frá 1969.

#### 3. gr.

Af öllum skipum skal greiða tilheyrandi gjöld til hafnarsjóðs ef þau koma inn fyrir mörk hafnarinnar og njóta þjónustu hennar.

### Lestargjald.

#### 4. gr.

Af öllum skipum skal greiða lestargjald, kr. 20,20 á mælieiningu skv. 2. gr., en þó ekki oftar en tvisvar í mánuði.

### Bryggjugjöld.

#### 5. gr.

Af öllum skipum sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka skal greiða 6,70 kr. á mælieiningu skv. 2. gr. fyrir hverja byrjaða 12 tíma sem skipið liggur bundið. Fiskiskip greiða þetta gjald eigi oftar en 26 sinnum í mánuði. Heimilt er að taka lestar- og bryggjugjald af fiskiskipum og minni bátum sem mánaðargjald, 133 kr. á mælieiningu, en þó aldrei lægra en 14.078 kr. á mánuði. Bátar minni en 20 bt greiða þó aldrei lægra en 10.233 kr. á mánuði. Skútur og skemmtibátar sem koma til hafnar greiða fyrir hvern byrjaðan sólarhring 3.420 kr.

Bátar sem liggja við flotbryggjur skulu greiða flotbryggjugjöld sem hér segir:

|                                       |            |
|---------------------------------------|------------|
| Bátar að 10 brúttótonnum – pr. mán.   | 10.233 kr. |
| Bátar frá 10–30 brúttótonn – pr. mán. | 19.081 kr. |
| Bátar yfir 30 brúttótonnum – pr. mán. | 26.491 kr. |

Heimilt er að leggja á allt að fimmföld bryggjugjöld á skip og báta sem liggja um lengri tíma við bryggju og hafa verið án haffærisskírteinis í a.m.k. 6 mánuði.

Heimilt er að leggja þreföld bryggjugjöld á skip og báta sem óska eftir langtíma viðlegu vegna annarrar starfsemi en útgerðar.

### Vörugjöld.

#### 6. gr.

Vörugjöld skal greiða af öllum vörum sem fluttar eru af skipsfjöllum á land eða úr landi á skipsfjöllum, eða úr einu skipi í annað, innan marka hafnarinnar, þó með þeim undantekningum er síðar getur. Farmflytjandi skal skila farmskrá og öðrum nauðsynlegum gögnum til Vopnafjarðarhafnar, vegna álagningar vörugjalda.

#### 7. gr.

Fyrir vörur sem samkvæmt farmskrá skips eru ákveðnar til annarrar hafnar, innlendrar eða erlendrar, en eru látnar á land um stundarsakir, skal aðeins greitt vörugjald þegar vörurnar eru fluttar í land. Undanþegnar þessu gjaldi eru vörur sem látnar eru á land um stundarsakir vegna skemmda á skipi.

## 8. gr.

Af vörum sem fluttar eru á skip og fara eiga til annarra hafna innanlands greiðist hálftr vörugjald.

Af vörum sem fara eiga til útlanda en umskipað er í innlendri höfn skal greiða fulltr vörugjald þó varan hafi viðkomu í annarri höfn. Af vörum sem koma frá útlöndum og fara eiga áfram til útlanda er heimilt að innheimta fulltr vörugjald þegar vörurnar eru fluttar í land.

## 9. gr.

Um vörugjald af flutningi ferjuskipa skal semja við ferjueiganda sem innheimtir gjaldið ásamt flutningsgjaldi og stendur skil á því til hafnarinnar. Farþegar, bifreiðar þeirra, farangur og vöruf lutningar með ferjum og flóabátum, sem njóta styrks samkvæmt vegalögum eru undanþegnir vörugjaldi. Heimilt er þó að taka vörugjöld af vöru í vörugjaldflokkum 1, 2 og 3 skv. 12. gr.

## 10. gr.

Þessar vörur eru algjörlega undanþegnar vörugjaldi:

- a. Umbúðir sem endursendar eru.
- b. Olía, vistir og aðrar nauðsynjar skipa til eigin notkunar.
- c. Almennar póstsendingar og farangur ferðamanna.
- d. Úrgangur sem fluttur er til eyðingar.

## 11. gr.

Vörugjald skal reikna eftir þyngd eða verðmæti með umbúðum og af hverri sendingu sérstaklega. Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds. Skipstjóra eða afgreiðslumanni skips er skylt að láta gjaldkera hafnarinnar í té afrit af farmskrá. Sé engri farmskrá til að dreifa skal skipstjóri gefa drengskaparvottorð um vörumagn sem fermt hefur verið eða affermt úr skipi hans. Þyki hafnarstjóra ástæða til getur hann hvenær sem er látið ákveða vörumagnið á þann hátt sem hann telur hentugast. Reynist vörumagnið vera meira en upp er gefið greiðir farmeigandi kostnaðinn. Séu fleiri en ein vörutegund í sendingu ósundurliðaðar skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund sem hæst gjald skal greiða af.

## 12. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því sem vörugjaldskrá tiltekur og gjaldið greiðist eins og þar segir:

1. fl.: Gjald kr. 399 fyrir hvert tonn:  
Bensín, brennsluolíur, kol, laust korn, salt, vikur, kísilgúr, þörungamjöl, sement, áburður og úrgangur sem fluttur er til endurvinnslu.
2. fl.: Gjald kr. 731 fyrir hvert tonn:  
Lýsi og fiskimjöl.
3. fl.: Gjald kr. 820 fyrir hvert tonn:
  - a) Þungavarningur, svo sem sekkjavörur, óunnið járn og stál, útgerðarvörur, smurningsolíur, sjávarafurðir, landbúnaðarafurðir, hráefni til iðnaðar og byggingaframkvæmda.
  - b) Þökkuð og niðursoðin matvæli, óáfengar drykkjarvörur og ávextir. Vélar og tæki hvers konar og varahlutir til þeirra, svo sem heimilis- og skrifstofuvélar, bifreiðar, bifhjól, reiðhjól, hjólbarðar, bátar, flugvélar, hreyflar, mælitæki, húsbúnaður, vefnaðarvara og fatnaður. Útvarps- og sjónvarpstæki, hljóðfæri, úr, klukkur, myndavélar, sjónaukar, glysvarningur alls konar, vín, tóbak, sælgæti, snyrtivörur og lyf.
  - c) Vörur sem ekki verða flokkaðar annars staðar eftir þyngd. Af flutningi vinnutækja innanlands skal veita allt að 50% afslátt. Vörugjald greiðist ekki af bifreiðum ferðamanna enda ferðast eigendur með sama skipi.
4. fl.: Gjald 1,40%:  
Sjávarafli lagður á land eða í skip á hafnarsvæðinu til vinnslu eða brottflutnings, þ.m.t. fiskur og seiði úr eldiskvíum. Gjaldið reiknast af heildarverðmæti aflans.  
Gjald af frystum afla frystitögara og eldisfiski reiknast af helmingi heildarverðmætis.

Gjald af saltfiski reiknast miðað við tvöfalda þyngd og gjald af gámafiski reiknast af áætluðu heildarverði. Kaupanda aflans ber að afhenda hafnarstjóra skýrslu um keyptan afla mánaðarlega, t.d. afrit af aflaskýrslu til Fiskistofu. Aflagjalldið fellur í gjalddaga um leið og afla er landað. Kaupandi aflans innheimtir gjaldið hjá seljanda og er ábyrgur fyrir því til hafnarsjóðs þótt hann vanræki innheimtu þess. Standa ber skil á greiðslu aflagjalds eigi sjaldnar en mánaðarlega. Hámarksgjald samkvæmt lið þessum er 7.032 kr. fyrir hvert tonn. Lágmarksgjald í öllum flokkum er kr. 300.

## 13. gr.

Af gjöldum þeim sem þessi gjaldskrá tekur til og reiknuð eru út frá mælieiningu skv. 2. gr. skal veita 17% afslátt vegna olíuflutningaskipa, sem geta flutt aðgreinda sjókjölfestu í sérhönnuðum geymum.

Skilyrði þess að veita afslátt skv. 1. mgr. er að sýnt sé fram á að olíuflutningaskip geti flutt aðgreinda sjókjölfestu í sérhönnuðum geymum í samræmi við 13. reglu alþjóðasamnings um varnir gegn mengun sjávar frá skipum frá 1973 ásamt bókun frá 1978 (MARPOL 73/78).

Þessar upplýsingar þurfa að koma fram:

- í athugasemdareitunum á alþjóðamælibréfinu sem tilgreint er í 2. gr. gjaldskrár þessarar, og
- undir lið 5.2. í fylgiskjali af gerð B við alþjóðamengunarvarnaskírteinið (IOPP-skírteinið), sem gefið er út samkvæmt ákvæðum MARPOL 73/78.

**Þjónustugjöld.**

## 14. gr.

## Hafnsaga:

|                                     |            |
|-------------------------------------|------------|
| Fast gjald pr. ferð                 | 7.470 kr.  |
| - í yfirvinnu                       | 12.349 kr. |
| Hafnsögugjald lágmarksgjald         | 49.783 kr. |
| Flutningur á hafnsögumanni pr. ferð | 57.065 kr. |
| Stærðargjald á mælieiningu          | 10,3 kr.   |
| Aukamaður á lóðsbát                 | 7.470 kr.  |
| - í yfirvinnu                       | 12.349 kr. |

## Farþegagjöld:

|                                   |         |
|-----------------------------------|---------|
| Farþegagjald fullorðnir           | 206 kr. |
| Farþegagjald börn að 12 ára aldri | 163 kr. |

Farþegagjald skal greiða af hverjum farþega skemmtiferðaskipa. Skipstjóri, umboðsmaður eða eigandi farþegaskips skal afhenda hafnarverði upplýsingar um farþegafjölda til innheimtu gjaldsins.

## Vatnsgjöld:

|                                         |            |
|-----------------------------------------|------------|
| Vatn til skipa pr. m <sup>3</sup>       | 409 kr.    |
| Lágmarksgjald (m.v. 10 m <sup>3</sup> ) | 4.097 kr.  |
| Tengigjald vatns                        | 2.160 kr.  |
| Tímagjald utan dagvinnu                 | 12.165 kr. |

## Vigtargjöld:

|                                           |            |
|-------------------------------------------|------------|
| Almenn vigtun - pr. tonn                  | 252 kr.    |
| Lágmarksgjald - pr. vigtun                | 1.138 kr.  |
| Vigtun flutningabíla                      | 2.160 kr.  |
| Skráningargjald - pr. tonn                | 129 kr.    |
| Gjald vegna vigtunar í dagvinnu           | 5.165 kr.  |
| Útkall vegna vigtunar 4 klst. í yfirvinnu | 32.884 kr. |

Sé um útkall að ræða og fleiri en einn bátur sem landa á sama klukkutímanum er heimilt að deila kostnaði vegna útkalls, þó að hámarki á þrjá báta.

## Leiga á gá mavöllum:

|                                                      |            |
|------------------------------------------------------|------------|
| Á svæði A, malarsvæði gjald – árgjald, 20 feta gámur | 24.054 kr. |
|------------------------------------------------------|------------|

|                                                                                                                                               |            |
|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|------------|
| Malbikað svæði – árgjald, 20 feta gámur                                                                                                       | 31.734 kr. |
| Sé veitt heimild fyrir 40 feta gámi er 40% álag á árgjald.                                                                                    |            |
| Frystigámar – gjald fyrir hvern byrjaðan mánuð:                                                                                               |            |
| 20 feta frystigámur, gjald án rafmagns                                                                                                        | 2.810 kr.  |
| 40 feta frystigámur, gjald án rafmagns                                                                                                        | 4.492 kr.  |
| Gjald fyrir skammtíameymslu báta, veiðarfæra, vagna, bíla og búnaðar á gá mavöllum:                                                           |            |
| Frítt fyrstu vikuna – eftir það sólarhringsgjald                                                                                              | 5.601 kr.  |
| Sorpgjald:                                                                                                                                    |            |
| Mánaðargjald fiskiskipa 200 bt og undir                                                                                                       | 2.130 kr.  |
| Mánaðargjald fiskiskipa 201 bt og yfir                                                                                                        | 21.228 kr. |
| Kaupskip samkvæmt reikningi pr.m <sup>3</sup>                                                                                                 | 7.143 kr.  |
| Festargjald:                                                                                                                                  |            |
| Festargjald fyrir hverja afgreiðslu                                                                                                           | 15.432 kr. |
| Séu fleiri en einn maður við afgreiðslu er tekið gjald fyrir hvern aukamann                                                                   | 15.432 kr. |
| Festargjald yfirvinna                                                                                                                         | 25.172 kr. |
| Geymslugjald:                                                                                                                                 |            |
| Gjald fyrir geymslu á veiðarfærum (nætur, troll) á hafnarköntum:                                                                              |            |
| Frítt fyrstu vikuna – eftir það sólarhringsgjald                                                                                              | 5.684 kr.  |
| Gjald fyrir skammtíameymslu gáma, veiðarfæra, bíla og búnaðar á hafnarsvæði:                                                                  |            |
| Frítt fyrstu vikuna – eftir það sólarhringsgjald                                                                                              | 5.684 kr.  |
| Ekki er tekið gjald fyrir geymslu báta og vagna undir báta á svæði sem afmarkað hefur verið á hafnarsvæðinu til skammtíma- og langtíameymslu. |            |
| Umhverfisgjald:                                                                                                                               |            |
| Umhverfisgjald samkvæmt þjónustubeiðni – pr. beiðni                                                                                           | 1.253 kr.  |
| Rafmagn:                                                                                                                                      |            |
| Gámarafmagn og annað rafmagn t.d. til smábáta samkvæmt gjaldskrá orkusöluaðila með 20% álagi á kWst.                                          |            |
| Mælaleiga, árgjald                                                                                                                            | 6.173 kr.  |
| Tengigjald utan dagvinnutíma                                                                                                                  | 8.221 kr.  |
| Tryggingargjald vegna mælaleigu                                                                                                               | 48.710 kr. |
| Móttaka skipa sem falla undir ISPS-kóða:                                                                                                      |            |
| Öryggisgjald fyrir hverja skipakomu                                                                                                           | 53.588 kr. |
| Öryggisgæsla dagvinna pr. klst.                                                                                                               | 7.470 kr.  |
| Öryggisgæsla næturvinna pr. klst.                                                                                                             | 12.349 kr. |
| Allar fjárhæðir eru án virðisaukaskatt.                                                                                                       |            |

### Úrgangs- og förgunargjald.

15. gr.

Skipstjóri eða eigandi skips sem óskar eftir að láta á land sorp, farmleifar, olíuleifar eða mengandi efni skal óska eftir aðstoð viðurkennds þjónustuaðila, sem höfnin hefur samþykkt að annist móttöku og förgun á ofangreindum úrgangi frá skipum á hafnarsvæðinu.

Skipstjóri, eigandi skips eða þjónustuaðili skal undantekningarlaust skila útfylltu eyðublaði til hafnarinnar um magn og tegund þess úrgangs sem skilað er á land.

Skip sem falla utan 11. gr. c. í lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda nr. 33/2004 skulu greiða þjónustuaðila kostnað vegna móttöku og förgunar á úrgangi. Annist höfn móttöku og förgun á almennum úrgangi skal gjald greitt fyrir þjónustuna samkvæmt þessari grein fyrir hvern rúmmetra

úrgangs. Annist höfnin móttöku á spilliefnum eða sérstökum úrgangi sem hefur í för með sér kostnað umfram förgun á almennu sorpi greiðir viðkomandi aðili þann kostnað sem til fellur.

Vegna skipa sem falla undir 11. gr. c. í lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda nr. 33/2004 skal greiða eftirfarandi:

- a. *Úrgangsgjald:* Við komu skips til hafna skal skip greiða 1 kr. á bt. Gjald þetta er til þess að standa undir eftirliti og umsýslu hafnar vegna móttöku á sorpi. Lágmarksgjald samkvæmt þessum lið er 7.470 kr. og hámarksgjald 60.931 kr.
- b. *Úrgangsgjald:* Gjald skv. a-lið má lækka ef umhverfisstjórnun, hönnun, búnaður og starfræksla skips er með þeim hætti að skipstjóri geti sýnt fram á að minni úrgangur verði til um borð. Fast gjald verður þá 0,5 kr. á bt. Lágmarksgjald samkvæmt þessum lið er 7.066 kr. og hámarksgjald 31.797 kr.
- c. *Úrgangsgjald:* Skip og bátar sem koma oftast en fjórum sinnum til hafnar á almanaksárinu greiða samkvæmt b-lið fyrir fimmtu komu og komur eftir það.
- d. *Úrgangsgjald:* Skip og bátar sem eru undir 60 metra að lengd, eru ekki hafnsöguskyld og hafa varanlega viðveru í Vopnafjarðarhöfn skulu greiða fast mánaðargjald vegna eftirlits og umsýslu hafnar vegna móttöku á sorpi. Mánaðargjaldið skal vera 7.066 kr. á mánuði.
- e. *Förgunargjald:* Óski skipstjóri eða eigandi skips eftir að tekið verði á móti úrgangi frá skipinu skal hann hafa samband við viðurkenndan móttökuaðila skv. ábendingu hafnarinnar eða óska eftir því að höfnin annist móttöku á úrganginum. Lágmarksgjald hafnar fyrir móttöku á úrgangi er 14.132 kr. á hvern rúmmetra og lágmarksgjald miðast við einn rúmmetra. Kjósi skipstjóri eða eigandi skips að óska eftir þjónustu viðurkennds aðila þá greiðir hann kostnað við þá þjónustu. Skipstjóri og/eða eigandi skips ber ábyrgð á að útfylltu eyðublaði um magn og tegund sorps sé skilað til hafnarinnar, en misbrestur á því getur leitt til tilkynningar til Umhverfisstofnunar.
- f. *Förgunargjald:* Skip sem undanþegin eru gjaldskyldu skv. 1. tl. 2. mgr. 17. gr. hafnalaga skulu eftir sem áður greiða fyrir losun sorps og förgun þess ef óskað er eftir þjónustu hafnar eða viðurkennds móttökuaðila.
- g. Skipstjóri eða eigandi skips sem fengið hefur undanþágu frá Umhverfisstofnun um skil á sorpi eða tilkynningum, skal framvísa gildri staðfestingu þess efnis.

#### Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda skv. hafnalögum.

##### 16. gr.

Hafnarstjóri sér um innheimtu allra hafnargjalda og skal greiða gjöldin á skrifstofu hafnarinnar. Séu gjöldin ekki greidd á réttum gjalddögum er heimilt að reikna hæstu lögleyfðu dráttarvexti á skuldina.

##### 17. gr.

Skipstjóri og eigandi skips bera ábyrgð á greiðslu gjalda þeirra sem greiða ber til hafnarinnar vegna skipsins. Er skipstjóra skylt að afhenda hafnarstjóra þjóðernis- og skrásetningarskírteini skipsins, ef hafnarstjóri krefst þess og hefur hafnarsjóður haldsrétt yfir skírteinunum uns gjöld eru greidd. Töf og tjón sem af þessu hlýst er einvörðungu á ábyrgð og kostnað greiðanda skipagjaldsins. Að svo miklu leyti sem í gjaldskrá þessari eru ekki ákveðnir fastir gjalddagar á gjöldum skal greiða þau áður en skip fer burt úr höfninni og enginn skipstjóri getur vænst þess að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá sýslumanni eða tollstjóra nema hann sanni með vottorði frá hafnarstjóra að hann hafi greitt gjöld sín til hafnarinnar.

##### 18. gr.

Vörugjald greiðir móttakandi af vörum sem koma til hafnarinnar og sendandi af vörum sem fluttar eru úr höfninni. Ef margir eiga vörur sem fluttar eru með sama skipi skal afgreiðslumaður skipsins standa hafnarsjóði skil á greiðslum. Ef skip hefur ekki farm sinn skráðan ber skipstjóri ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins. Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað greiðir sá vörugjaldið sem affermir. Vörugjald af vörum sem koma til hafnarinnar fellur í gjalddaga þegar skipið sem vörurnar flytur er komið í höfnina og vörugjald af vörum sem fluttar eru úr höfninni fellur í gjalddaga þegar vörurnar eru komnar á skip. Skipstjóra og afgreiðslumanni skips er óheimilt að afhenda vörurnar fyrr en gjaldið er

greitt. Hafnarsjóður hefur haldsrétt í skráningar- og þjóðernisskírteinum skips til tryggingar gjaldinu. Aflagjald og vörugjald af útflutningi skal auk þess tryggt með veði í útflutningsbirgðum þess aðila er skuldar gjöldin.

## 19. gr.

Á verð skv. gjaldskrá þessari er lagður 24% virðisaukaskattur, sbr. 3. tl. 3. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt, nema á farþegagjöld og þjónustu við erlend skip.

## 20. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka fjárnámi. Skipagjöld eru tryggð með lögveði í skipinu og gengur það veði í tvö ár fyrir samningsveðskuldum, sbr. 2. mgr. 21. gr. hafnalaga.

**Gildistaka.**

## 21. gr.

Gjaldskrá þessi fyrir Vopnafjarðarhöfn er samþykkt af sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps 12. desember 2024 skv. hafnalögum nr. 61/2003. Gjaldskráin tekur þegar gildi og gildir vegna álagningar almanaksárið og er til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Vopnafjarðarhöfn nr. 1536/2023.

*Vopnafirði, 12. desember 2024.*

**Valdimar O. Hermannsson** hafnarstjóri.